



MINNISBLAÐ

Verk: Ísafjörður lenging Stundabakka
Málefni: Upptökudokk, kostnaður
Dags: 15.3.2021
Frá: Hafnadeild/Kjartan Elíasson
Dreifing: Hafnarstjórn/Hafnir Ísafjarðarbæjar

Upptökudokk

Hafnarstjóri óskaði eftir því að Vegagerðin myndi meta viðbótarkostnað við að byggja upptökudokk þegar farið verður í framkvæmdir við Sundabakkann í sumar. Gert er ráð fyrir að dokkin verði 20 m löng og 10 m breið, samtals um 50 m stálþilskantur, sjá meðfylgjandi teikningu.

Áætlaður kostnaður er um 70 m.kr. með virðisaukaskatti.

Stálþil og festingarefni: 35 m.kr.

Niðurrekstur, fyllingarefni, akkerisplötur og kantbiti: 32 m.kr.

Hönnun, umsjón og eftirlit: 3 m.kr.

Til þess að hægt sé að nýta þann verktaka og búnað sem verður við vinnu á lengingu Sundabakkans í sumar þarf að panta efnið í dokkina eigi síðar en í byrjun maí 2021. Þá er reiknað með að efnið verði komið til landsins í ágúst 2021.

Reiknað er með að bjóða út verkið „Lenging Sundabakka“ í byrjun apríl, því er óskað eftir því að ákvörðun um hvort eigi að bæta upptökudokkinni við liggi fyrir sem fyrst.

Upptökudokkinn er ekki á samgönguáætlun og nýtur því ekki mótframlags úr hafnarbótasjóð. Allur kostnaður, um 70 m.kr. við bygginguna mun því falla á hafnarsjóð.

Fylgiskjöl

Teikning: Upptökudokk Layout